

Nd. 715. Frumvarp til jarðræktarlaga. [308. mál]

(Eftir 2. umr. í Nd., 2. mars.)

Samhljóða þskj. 545 með þessum breytingum:

8. gr. hljóðar svo:

Hver sá, er njóta vill ríkisframlags samkvæmt lögum þessum, skal vera fullgildur félagsmaður í búnaðarfélagi, sbr. 3. gr. Ákvæði þessara laga um ríkisframlög til jarðabóta ná til allra jarðeigna í landinu, sem teljast lögbýli samkvæmt skilgreiningu ábúðarlaga, nr. 64 31. maí 1976, með síðari breytingum að undanskildum þeim jörðum og jarðarhlutum sem liggja innan skipulagssvæða sveitarfélaga og ætluð eru til annars en landbúnaðar.

Þar sem framræsla votlendis getur leitt til þess að land breyti varanlega um svip eða að merkur náttúruvinjum verði raskað er skylt að hafa sérstaklega hliðsjón af lögum um náttúruvernd, nr. 47 16. apríl 1971.

Framlög eru ekki veitt til jarðræktar og húsabóta á lögbýlum, sem eigi hafa verið setin tvö ár eða lengur næst á undan framkvæmdaári eða nytjuð frá öðrum lögbýlum, nema fyrir liggja heimild til bústofnunar þar samkvæmt jarðalögum, nr. 65 31. maí 1976, með síðari breytingum.

10. gr. hljóðar svo:

Til jarðabóta, sem taldar eru í þessari grein, skal greiða framlag úr ríkissjóði sem hér segir:

I. Til undirbúnings ræktunar.

a. Vélgrafnir skurðir og plógræsi, 70% kostnaðar við gröft, plægingu og sprengingu berghafta úr skurðum.

b. Framræsla vegna endurræktunar, þ.m.t. hreinsun og dýpkun skurða, 70% kostnaðar.

Heildarframlag ríkissjóðs samkvæmt þessum staflíðum skal að hámarki svara til 3,5 millj. m³ skurðgraftar og 600 km plógræslu á ári hverju. Búnaðarfélag Íslands gerir áætlun um framræslu vegna ræktunar samkvæmt könnun héraðsráðunauta á framræsluþörf á einstökum búnaðarsambandsvæðum. Framræsla vegna endurræktunar situr fyrir framlögum samkvæmt þessum staflíðum reynist framræsluþörf meiri en hámark heimildar. Landbúnaðarráðherra setur í reglugerð ákvæði um undirbúning framræsluframlvæmda, útboð þeirra, svo og umsjón og eftirlit með þeim.

c. Lokræsi með pípum í ræktuðu landi 80 kr. á m

II. Til jarðræktar.

a. Túnrækt á þurrkuðu mýrlendi, nýrækt og endurræktun 19 000 kr. á ha

b. Túnrækt á þurrlendi, nýrækt og endurræktun 13 000 kr. á ha

c. Korn- og fræktrar 6 500 kr. á ha

Framlag samkvæmt þessum staflíð er ekki greitt til kornræktar grænfóðurverksmiðja.

d. Grænfóðurrækt 6 500 kr. á ha

Framlag samkvæmt þessum staflíð er bundið því að um sé að ræða grænfóðurræktun til þess að bæta úr fódurskortu vegna kals og annarra ræktunaráfalla af völdum harðinda. Enn fremur er framlagið bundið því að ræktunarbörfin hafi verið metin og viðurkennd af jarðræktarráðunaut Búnaðarfélags Íslands áður en í framkvæmdir er ráðist.

III. Til girðinga um ræktunarlönd.	
Fullgildar girðingar með föstum horn- og hliðstólpum	16 kr. á m
IV. Til áburðargeymslna.	
Áburðarhús og áburðarkjallarar	600 kr. á m ³
V. Til hey- og garðávaxtageymslna, svo og annarra geymsluhúsa.	
a. Votheyslöhödur	670 kr. á m ³
b. Purrheyslöhödur með súgpurrkunarkerfi	1000 kr. á m ²
c. Súgpurrkunarblásari með aflvél, kælivél vegna garðávaxtageymslu og rafstrengur sem lagður er sérstaklega í þessu skyni — framlag 40% af verði tækja og búnaðar.	
<i>Ákvæði til bráðabirgða:</i>	
Framlag að upphæð 340 kr. á m ² skal greiða vegna súgpurrkunarkerfa, sem upp er komið í eldri hlöðum á árunum 1986–1989.	
d. Garðávaxtageymslur með viðeigandi loftræstibúnaði	1000 kr. á m ²
e. Geymsluhús	330 kr. á m ²

VI. Til vatnsveitna vegna heimilis- og búþarfa.

Helmingur kostnaðar við vatnsupptöku, þar með talin borun eftir vatni, vatnsgeymar og leiðsla frá vatnsbóli að bæjarvegg. Framlag þetta greiðist því aðeins að við framkvæmdir sé farið eftir áætlun sem Búnaðarfélag Íslands lætur gera eða samþykkir.

VII. Til kölkunar á túnum.

Þar sem rannsóknir hafa að dómi ráðunauta Búnaðarfélags Íslands sýnt að hennar sé þörf er heimilt að greiða 50% af kostnaðarverði viðurkennds áburðarkalks eins og það er á hafnarstað að viðbættum eðlilegum flutningskostnaði umfram 50 km til viðkomandi bónda. Skilyrði er að kölkunin sé framkvæmd eftir ráðleggingum héraðsráðunautar og undir eftirliti hans og skal hún við það miðuð að nægja til a.m.k. fimm ára.

VIII. Til uppeldishúsa á garðyrkjubýlum.

- Til byggingar uppeldishúsa með lýsibúnaði: Framlag 2100 kr. á m², allt að 150 m² að flatarmáli á býli.
- Til lýsingar í eldri húsum: Framlag 420 kr. á m², allt að 150 m² að flatarmáli á býli.

IX. Til loðdýrabygginga.

Framlag nemi 30% af áætluðu kostnaðarverði þessara bygginga, allt að 600 m² að flatarmáli á býli.

X. Til ræktunar skjólbelta.

Framlag nemi 75% kostnaðar við trjáplöntukaup og 50% kostnaðar við nauðsynlegar girðingar vegna ræktunarinnar. Skilyrði fyrir framlagi er að verkið sé unnið í samræmi við áætlun sem héraðsráðunautur og skógarvörður hafa gert og Skógrækt ríkisins samþykkt.

XI. Til sérstakra verkefna.

Á árunum 1987–1991 skal árlega greiða framlag úr ríkissjóði til þess að meta þörf fyrir jarðabætur á einstökum bújörðum sem framlags geta notið samkvæmt lögum þessum og til áætlanagerðar um slíkar framkvæmdir.

Árleg framlög skulu að upphæð jafngilda 2,5% af heildarframlagi til jarðabóta skv. I.–X. tölulið þessarar greinar viðkomandi ár. Ráðherra ákveður með reglugerð ráðstöfun þessa fjár að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands.

11. gr. hljóðar svo:

Landbúnaðarráðherra ákveður með reglugerð, að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands, þau skilyrði sem jarðabætur skv. 10. gr. þurfa að uppfylla til þess að heimilt sé að taka þær út og greiða framlag til þeirra. Þá getur ráðherra, að fengnu samþykki stjórnar Búnaðarfélags Íslands, stjórnar Stéttarsambands bænda og stjórnar Stofnlánadeildar landbúnaðarins, sett stærðarmörk á framkvæmdir sem framlags geta notið skv. 10. gr.